

# Barkaraufartúpa (tracheostomy)


## Útskriftarfræðsla

### Hreinsun húðar umhverfis túpu

- Skipta þarf um svamp/mottu daglega og þvo húðina umhverfis túpuna til að minnka hættu á sýkingu. Ef slím safnast fyrir undir svampinum getur þurft að skipta oftari.
- Fylgjast þarf með húðinni og vera vakandi fyrir bólgu, roða og vessa.
- Þess þarf að gæta að losa ekki um böndin sem halda túpunni meðan skipt er um svamp/mottu. Ef böndin eru laus, getur túpan hrokkið út við kröftugan hósta.
- Húðin næst túpunni er þvegin með soðnu vatni eða kranavatni. Hægt er að nota bómullarpinna til að hreinsa undan vængjum túpu. Síðan er húðin þerruð vandlega til að draga úr hættu á sýkingu. Ef húð er viðkvæm er gott að bera húðverjandi efni á hana.
- Svampi/mottu er smeygt undir vængi túpunnar. Svampliðin á að liggja næst húðinni og opið snýr upp að höku.


### Hreinsun á innri túpu

- Mikilvægt er að þvo og spritta hendur vandlega áður og eftir að átt er við túpu og umbúðir.
- Innri túpan er losuð með því að draga hana beint út og hún síðan hreinsuð og skoluð með soðnu vatni eða kranavatni a.m.k. tvisvar til þrisvar á dag á dag og oftari ef með þarf.
- Ef mikið slím er í innri túpunni má ná því með bómullarpinna eða pípuhreinsara. Einnig er hægt að láta kranavatn renna í gegnum túpuna.
- Innri túpan er þerruð eða vatnið hrist af henni áður en hún er sett á sinn stað. Mikilvægt er að ganga úr skugga um að túpan sitji föst.




### Rakanef

Rakanef er notað samkvæmt fyrirmælum læknis, yfirleitt á næturnar eða ef sjúklingur leggur sig yfir daginn. Skipta þarf um rakanef daglega og oftari ef það fyllist af slími. Ef slímhúðir eru þurrar eða slím þykkt, getur hjálpað að huga að því að því hvort loftið í svefnherberginu sé nægilega rakt, það má t.d. gera með því að hafa skál með vatni á ofni. Einnig er hægt að minnka hættu á að slímhúðir þorni með því að drekka um 2 lítra af vökva á dag.



### Talventill

Talventill er einungis notaður á daginn og samkvæmt fyrirmælum læknis. Skipta þarf um filter einu sinni á sólarhring, jafnvel oftari ef slímmyndun er mikil. Ventilhúsið á talventlinum er þvegið daglega með vatni og loftþurrkað. Ekki má nota sápu eða önnur hreinsiefni á talventilinn. Hvern talventill má nota í tvær vikur en eftir þann tíma er ekki hægt að treysta því að hann virki rétt.



### Skipt um hálsband

Skipt er um hálsband eftir þörfum. Þegar það er gert er nauðsynlegt að hafa aðstoðarmann sem heldur við túpuna á meðan band er losað og nýtt fest. Hálsbandið er hæfilega þétt ef hægt er að setja finger milli bands og hálsins. Ef hálsband er of laust getur túpan farið á hreyfingu og sært húðina. Ef hagræða þarf hálsbandi er best að gera það með því að losa franska lásinn aftan á hálsi.

## Vandamál sem geta komið upp

Ef slím safnast í túpu er yfirleitt hægt að hósta því beint upp úr túpunni. Því er mikilvægt að það verði ekki of þurr eða seigt. Einnig minnkar slímmyndun smátt og smátt þegar slímhúð öndunarvegjar hefur vanist túpunni. Ef þörf er á sogtæki er mikilvægt er að kunna á tækið og geyma það og sogleggi saman á stað þar sem auðvelt er að nálgast það.

### Hafa skal strax samband við Neyðarlínu í síma 112 ef:

- erfitt er að anda gegnum túpuna eða grunur er um að fastur slímtappi þrengi túpu.
- túpa hrekkur úr stómaopi og ekki er hægt að koma henni fyrir aftur.

### Hafa skal samband við göngudeild B3 eða bráðamóttöku ef:

- aukinn roði, bólga eða vessi er við stómaop.
- ber á grænleitum slímuppgangi.

## Eftirlit

Eftir útskrift af sjúkrahúsi eru sjúklingar með barkarauf í eftirliti á göngudeild skurðlækninga B3 í Fossvogi. Á 6-8 vikna fresti er skipt um barkaraufartúpu á deild B3. Þeir sem búa utan höfuðborgarsvæðisins fá þjónustu í sinni heimabyggð.

## Sölustaðir hjálparkæja og kostnaður

Við útskrift af sjúkrahúsi er beiðni send til Sjúkratrygginga Íslands fyrir viðeigandi hjálparkæjum. Sjúkratryggingar greiða kostnað samkvæmt gildandi reglum, sími 515 0000.

Í Lyfju hf, Lágmúla 5, 105 Reykjavík, sími 533 2300 starfa heilbrigðisstarfsmenn sem veita ráðgjöf og sinna þjónustu við fólk með barkarauf. Póstsendingarþjónusta er við landsbyggðina.

## Nauðsynlegar vörur

- Barkaraufartúpa í réttri stærð og talventill samkvæmt fyrirmælum læknis  
Til öryggis þarf alltaf að vera til auka túpa
- Svampur/motta fyrir túpu (umbúðir)
- Hálsband til að festa túpu
- Grisjur til að þrifa húð
- Einnota hanskar
- Sogtæki, sogslöngur og sogleggir ef með þarf
- Húðverjandi pinnar eða úði til að bera á húð ef þörf er á
- Sturtuhlíf til að setja yfir túpu þegar farið er í sturtu
- Rakanef

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja ef spurningar vakna.

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem símum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis. Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga. Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.